

ESS

ESS

Þann 15. október 2005 eru liðin 120 frá því að Jóhannes Sveinsson fæddist að Efri-Ey í Meðallandi. Af því tilefni er efnt til þessarar sýningar á verkum hans, þar sem val verka hverfist um tvö meginstef, eða essens, sem eru uppistaðan í lífsverki hans. Annars vegar landið eins og það kemur honum fyrir sjónir í allri sinni fjölbreytni og hins vegar lífið í landinu, sem í verkum hans tekur á sig ólíkar birtingarmyndir hins raunverulega og hins skynjaða, þess sem hugurinn nemur ekki síður en þess sem augað sér.

Titill sýningarinnar er fenginn frá listamanninum sjálfum, en í ársbyrjun 1925 gaf hann út tvö tölublað af riti sem hann nefndi Árdægisblað listamanna, þar sem hann talaði um Essensism, þann kjarna lífsins og tilverunnar, sem væri að finna í listinni, og allir ættu að leita eftir. Líkt og öll góð list gera verk Kjarvals kröfur til þeirra sem vilja njóta þeirra:

„Fram til listarandans ber þú óskir þínar – ef þú vinnur vel, muntu fá svar. Annars verður þú að leita að réttum spurningum.“

Með þessi orð listamannsins að leiðarljósi munu Íslendingar og aðrir þeir sem fá að kynnst verkum hans vonandi halda áfram að njóta þess ómetanlega listræna arfs, sem Jóhannes Sveinsson Kjarval lét heiminum í té.

Sýningarstjórar, Eiríkur Þorláksson listfræðingur og Kristín G. Guðnadóttir listfræðingur

Málverk Jóhannesar S. Kjarvals hafa oft prýtt veggj Kjarvalsstaða á þeim ríflega 30 árum sem liðin eru frá opnun myndlistarhússins. Það eru nú 120 ár liðin frá fæðingu þessa mikla listamanns og því ekki úr vegi að fagna með sýningu á verkum hans. Sýningin sem nú er í safninu er um margt sérstök, sýningarstjórnir, Kristín G. Guðnadóttir og Eiríkur Þorláksson, hafa fengið að láni verk úr einkasöfnum, sem ekki koma oft fyrir sjónir almennings, í þeim tilgangi að dýpka skilning okkar á einstökum þáttum listar hans. Yfirskrift sýningarinnar, *Essens*, er hugtak sem Kjarval notaði um þann kjarna lífsins sem er að finna í listinni. Við undirbúning sýningarinnar var þetta hugtak látið ráða ferðinni. Hér er listin í fyrirrúmi. Sjónum er beint að viðfangsefnum Kjarvals eins og þau birtast í listaverkunum sjálfum og þannig er leitast við að varpa ljósi á kjarna listsköpunar hans, hvort sem lítið er til landslagsverka eða verka sem miðla sýn hans á fólk og figúru. Á þessari sýningu er safngestum boðið að bera saman verk frá mismunandi tímabilum þar sem ólík efnistöð skerpa sýn okkar á einstök viðfangsefni.

Í tilefni af 120 ára fæðingarafmæli meistarans kemur einnig út vegleg bók um Kjarval hjá Nesútgáfunni, þar sem listferli hans og ævi eru gerð vandleg skil. Það er mikill fengur í svo vönduðu riti.

Flest málverkin á sýningunni eru fengin tímabundið að láni svo alþjóð megi njóta þessara gersama. Það að eiga verk eftir Kjarval er mikil ábyrgð, því eigendurnir standa vörð um mikilvæg menningarverðmæti, og við þökkum öllum þeim sem hafa gert okkur það mögulegt að sýna þessa arfleifð hér á Kjarvalsstöðum.

Listasafn Reykjavíkur býður gesti safnsins velkomna og við vonum að þeir njóti þessarar sýningar.

Hafþór Yngvason safnstjóri Listasafns Reykjavíkur

Many exhibitions of Kjarval's work have been mounted at Kjarvalsstaðir in the thirty three years since the museum was first opened. To celebrate the 120th anniversary of the artist's birth, the museum is pleased to present a new and rather unusual exhibition. The curators, Kristín G. Guðnadóttir and Eiríkur Þorláksson, wanted to use the occasion to bring rarely seen paintings into public view and, towards that end, they have based the exhibition mostly on privately owned works rather than on the museum's vast collection. Our appreciation goes to all who have lent works so this endeavor could succeed. The owners' commitment to the cultural heritage of Kjarval's art is commendable. Another distinguishing character of the exhibition is found in its approach. The title, *Essence*, is a word that Kjarval used for the fundamental aspect of life that he found in art. This is a leading concept for the curators and in its spirit they have placed the art itself everywhere in the foreground. The emphasis is on Kjarval's favorite motifs as they appear in works of different periods, so visitors can compare the works and sharpen their discernment of the artist's *oeuvre*.

The occasion of Kjarval's 120th birthday is celebrated also with the publication of a new book, where the artist's life and his artistic progress are carefully explored. The book is a great contribution to Kjarval studies and a definitive source of information about the artist.

We hope you will enjoy this rich survey of Kjarval's fine painting.

Hafþór Yngvason director, Reykjavík Art Museum

essens

October 15, 2005 marks 120 years since Jóhannes Sveinsson was born on the farm Efri-Ey, in Mæðalland in eastern Iceland. This exhibition of his work is designed to commemorate that event. The selection of works concentrates on two basic themes, or essences, around which Kjarval's career revolves. On the one hand is the land as it appears to the artist in all its diversity, and on the other life in the country, which in his work takes on different manifestations of external and internal reality – that which the mind registers, as well as what the eye sees.

The title of the exhibition itself is taken from the artist. In early 1925 he released two issues of a publication that he titled *Ardegisblað listamanna* (The Artists' Early Paper), in which he spoke about Essence-ism, that core of existence that can be found in art, and that everyone should look for. Like all good art, Kjarval's work makes demands on all who want to enjoy it:

"Present your wishes to the spirit of art – if you work well, you will receive an answer. Otherwise you shall have to seek the right questions."

VESTURSALUR: LANDIÐ

Vorið 1929 skrifaði Kjarval í bréfi til vinar að hann hefði í hyggju að gerast útilegumaður og stunda málverk sitt einn við vernd alnáttúru. Hér urðu vatnaskil í listferli Kjarvals: Staðbundin túlkun á íslensku landslagi, sem hann ásamt fjölmörgu öðru hafði þreifað sig áfram með um langt skeið, varð hér eftir annar burðarásinn í lífsverki hans. Hann tók að ferðast um landið, dvelja úti og mála.

Vestursalur Kjarvalsstaða er helgaður þessum stóra þætti í lífsverki Kjarvals. Þar eru sýnd verk frá nokkrum völdum svæðum landsins, sem að öðrum stöðum ólöstuðum skipa veglegan sess í ævistarfi hans. Því hefur verið haldið fram, að í gegnum augu Kjarvals hafi Íslendingar lært að sjá land sitt í nýju ljósi. Þetta úrval staðbundinna verka hans gefur sýningargestum gott tækifæri til að velta fyrir sér þeirri staðhæfingu.

SNÆFELLSNES

Snæfellsjökull eins og hann blasir við frá Reykjavík hafði löngum heillað Kjarval og fyrstu myndir hans af jöklinum eru frá því um 1910. Frá 1942 tók hann að venja komur sínar á Snæfellsnes, en skömmu síðar festi hann kaup á jörðinni Einarslóni. Stórbotin og hrjóstrug náttúra, kórónuð af Snæfellsjökli, varð kveikjan að stórum og mögnuðum landslagsverkum. Mörg þeirra fjalla um samspil lands og sjávar, þar sem jökullinn rís úr hafinu og ber við himin, en hafaldan brýtur á skerjum og strönd.

SNÆFELLSNES

Snæfellsjökull glacier, as viewed from Reykjavík, had long fascinated Kjarval. His first paintings of the glacier date back to around 1910. In 1942 he began spending time on the Snæfellsnes peninsula and later purchased the farm Einarslón. Magnificent and rugged surroundings, crowned by the glacier, became the inspiration for his large and powerful landscape paintings. Many of those focus on the interplay between the land and the sea, with the glacier rising out of the ocean with the sky as a backdrop, as the waves break on crags and shore.



Snæfellsjökull, 1943–1945. Olía á striga / Oil on canvas. 115 x 220 cm. Í einkaeign / Private Collection



Haustið / Autumn, 1930. Olía á striga / Oil on canvas. 122 x 150 cm. Í einkaeign / Private Collection

ÞINGVELLIR

Þingvellir voru sá staður sem Kjarval kaus sem upphafsreit útímálverksins árið 1929, en þá ákvörðun hans má m.a. skoða í ljósi fyrirhugaðrar Alþingishátíðar árið 1930. Nokkur fjöldi íslenskra listmálara málaði á Þingvöllum á þessu tímaskeiði, en Kjarval kom þó oftar þangað en nokkur annar málarari og er nafn hans tengt staðnum órjúfandi böndum.

Kjarval málaði víða á Þingvöllum og í nágrenni þeirra. Meginmyndefni hans voru Botnssúlur, Ármannsfell, Hrafnabjörg og gjárnar, og ósjaldan sér í Skjaldbreið frá ýmsum sjónarhornum. Hann beitti markvisst þeirri aðferð að mála myndraðir; heimsótti sömu staði, eða stæði eins og hann kallaði það, aftur og aftur, og málaði þar á öllum tímum ársins og dagsins við öll hugsanleg veðurskilyrði, með það að markmiði að festa á léreft birtu og áhrif veðurs á tilteknum stað og á tilteknum tíma. Þannig gat hann sýnt fram á óendanlegan breytileika náttúrunnar, hvernig árstíðir, mismunandi birta og veður eru stöðugt að endurskapa hana. Þessu markmiði verður einungis náð með sífelldum endurtekningum, því hvert augnablik er sérstakt og kastar nýjum töfrum á umhverfi sitt. Kjarval hélt tryggð við myndefni sín á Þingvöllum svo lengi sem hann gat málað úti, en síðustu verk hans þaðan eru frá sjöunda áratugnum.

ÞINGVELLIR

Kjarval selected Þingvellir as the starting point for his outdoor paintings in 1929. That decision was most probably influenced by the parliamentary celebrations in 1930. A number of Icelandic artists were painting at Þingvellir at the time, but Kjarval did so more often than any other painter and his name is inextricably bound up with the place.

Kjarval painted in many locations in Þingvellir and the surrounding areas. His primary subjects were the mountains Botnssúlur, Ármannsfell and Hrafnabjörg, as well as the ubiquitous ravines. Making a frequent appearance in his paintings is Mt. Skjaldbreið from various viewpoints. He systematically painted picture series; visited the same locations again and again, painting there at different times of the year and times of day, in all possible weather conditions, with the aim of affixing to canvas the light and the effect of the weather on a specific location, at a specific time. That way he could depict the unending variety of nature: how seasons and different light and weather conditions perpetually re-create it. This aim can only be achieved through constant repetition, since each moment is unique and lends its magic to the surroundings. Kjarval maintained his loyalty to his subject matter at Þingvellir while he had the ability to paint outdoors. His last works from the area were painted in the 1960s.

WEST WING: THE LAND

In the spring of 1929, Kjarval wrote to a friend that he was planning to become an outlaw and to paint alone, protected by nature. This new path marked a watershed in Kjarval's career: a localised interpretation of Icelandic landscape, which along with other things he had long experimented with, became one of two central points of his life's work. He began travelling around Iceland, staying outdoors and painting.

The West Hall of The Reykjavik Art Museum – Kjarvalsstaðir is devoted to this major facet of Kjarval's career. On display are works depicting selected areas of Iceland, which along with others are significant for his career. It has been said that Icelanders learned to see their country in a new light through Kjarval's eyes. This selection of localised works provides guests with the opportunity to ponder that assertion.



Svínahraun / Svínahraun Lava Field, 1939. Óllía á striga / Oil on canvas
98 x 150 cm. Í einkaeign / Private Collection

NÁGRENNI REYKJAVÍKUR

Verk Kjarvals frá Þingvöllum hafa djúpa þjóðmenningarlega skírskotun, en þau verk sem hann málaði í hraununum umhverfis Reykjavík voru annars eðlis. Í látlausum heimi hrauns og mosa, þar sem enginn hafði áður fundið verðugt myndefni, uppgötvaði hann nýjar og óvæntar víddir. Vífilfell var sá póll sem mörg verka hans frá nágrenni Reykjavíkur hverfðust um. Þegar fjallinu sleppti voru það sjálfar hraunbreiðurnar sem hann kaus sér sem myndefni, hvort heldur hann málaði í Svínahrauni, á Helligsheiði, í Heiðmörk eða Vífilstaðahrauni. Í mörgum þessara verka fær forgrunnurinn sífellt meira vægi á kostnað fjallsins, og að lokum skilur hraunið sig frá fjallinu og verður sjálfstætt myndefni. Nærmyndir Kjarvals af hrauni og mosa opinbera það ríkðæmi í formi, áferð og litbrigðum sem leynist í hrauninu og þeim smágerða gróðri sem þar þrífst og eru meðal þeirra verka listamannsins sem þjóðin hefur hrifist mest af.

THE VICINITY OF REYKJAVÍK

While Kjarval's Þingvellir paintings contain deep socio-cultural references, the works he painted in the lava around Reykjavík were of a different nature. In the straightforward world of lava and moss, where no painter had previously found worthy subjects, he discovered new and unexpected dimensions. Mt. Vífilfell was the site that many of his works from the Reykjavík area focused on. When not painting the mountain he chose the lava fields as his subjects, whether Svínahraun, Helligsheiði, Heiðmörk or Vífilstaðahraun. In many works the foreground is given increasing importance at the expense of the mountain, and eventually the lava is separated from the mountain and becomes an independent subject matter. Kjarval's close-ups of lava and moss depict the lava field's richness in form, texture and colour, as well as the delicate vegetation that thrives there. These are among the works by Kjarval that have most captivated the Icelandic nation.

FYRIR AUSTAN

Eftir að fjárhagur Kjarvals tók að batna upp úr 1942 hafði hann tók á því að fara í lengri ferðir og mála víðar um landið en áður. Vestur-Skaftafellssýsla var þá einn fyrsti áfangastaður hans. Oft bjó hann á Kirkjubæjarklaustri og málaði í sveitunum þar í kring, auk þess sem hann heimsótti fæðingarstað sinn, Efri-Ey í Meðallandi. Kjarval hreifst af sérstæðri fegurð sýslunnar þar sem fjöll eru græn og gróin upp að hamrabeltum og fossar falla víða. Lómagnúpur og Systrastapi voru kennileiti sem hann málaði aftur og aftur, en auk þess málaði hann nokkra af fjölmörgum fossum sýslunnar. Kjarval hélt einnig lengra austur og dvaldi oft á Fljótsdalshéraði, þar sem hann byggði sér sumarhús í litlum hvammi, en Selfljót rennur í mjúkum boga framundan og Dyrfjöllin blasa við; handan þeirra voru heimahagar hans í Borgarfirði eystri.

IN THE EAST

After Kjarval's finances began to improve in 1942, he was able to take longer trips and paint in more places in Iceland than before. One of the first was Vestur-Skaftafellssýsla district. He often stayed in the town of Kirkjubæjarklaustur and painted in the surrounding regions, as well as visiting his birthplace, Efri-Ey in Meðalland district. Kjarval was fascinated by the unique beauty of the district, with its lush green mountains peppered with black cliffs, and its many waterfalls. The mountains Lómagnúpur and Systrastapi appeared in his paintings again and again, and he also painted a few of the numerous waterfalls. Kjarval also went further east and often spent time in Fljótsdalshérað district, where he built a small summer house in a grassy hollow with the river Selfljót running in a gentle arc in front, and with a view of the Dyrfjöll mountains. Just beyond was his childhood home in Borgarfjörður eystri.





Skútur við sólarlag / Boats at Sunset, um 1910. Olía á striga / Oil on canvas
33,5 x 47,5 cm. Ríkissjóður Íslands í vörslu Alþingis / The Icelandic Government

LÍF, LIST OG SAMTÍMI

Það er langur vegur frá því að Jóhannes Sveinsson, sjómaður og félagi í Ungmennafélagsshreyfingunni, málaði litlar skútur á lognkyrru hafi í upphafi aldarinnar og þar til hinn þjóðþekkti og virti listmálari Jóhannes S. Kjarval málaði litaspjald án lita og setti þar með endapunktinn við ævistarf sitt í lok árs 1968. Í miðrými er líf Kjarvals og nokkur valin verk hans sett í samhengi við atburði samtímans í list og sögu. Þessi tímalína gefur órlitla hugmynd um þær breytingar sem list hans tók á þessu langa skeiði sögulegrar og listrænnar framþróunar.

Listferill Kjarvals spannar um sextíu ár tuttugustu aldarinnar, sem var tímaskeið mikilla umbyltinga og breytinga á öllum sviðum samfélagsins. Það samfélag sem list hans er sprottin úr og kallast á við, þróaðist og breyttist meira á þessu tímaskeiði en nokkru sinni fyrr. Jóhannes Sveinsson fæddist sem þegn Danakonungs, en lifði þær breytingar að Ísland fékk heimastjórn, fullveldi og varð síðan sjálfstætt lýðveldi. Heimsstyrjaldirnar tvær og heimskreppan mörkuðu fyrri hluta aldarinnar og snertu beint líf hans og list. Hann sá íslenska listasögu samtímans verða til og var órjúfanlegur hluti hennar; var nemandi Þórarins B. Þorlákssonar og Ásgríms Jónssonar, vinur Einars Jónssonar og nam á Akademiunni í Kaupmannahöfn samtímis Muggi, Júlíönu Sveinsdóttur og Kristínu Jónsdóttur. Hann horfði á ný viðhorf ryðja sér til rúms og áherslur breytast með nýjum kynslóðum listamanna; síðrómantík með áherslu á landslagstúlkun var leyst af hólmi með expressjónisma, sem setti manninn og borgarumhverfið í öndvegi; hann lifði formbyltingu abstraktmálverksins og lauk ævistarfi sínu um svipað leyti

og tilraunakennd og róttæk listsköpun SÚM-kynslóðarinnar ruddi sér til rúms. Á þessu langa tímaskeiði var Jóhannes S. Kjarval virkur þátttakandi í íslensku menningarlífi, hvatti ungt listafólk til dáða og var trúr þeirri köllun sinni að gefa Íslandi list sem stæðist samanburð við hið besta í listsköpun meðal annarra þjóða.

LIFE, ART AND HISTORY

Jóhannes Sveinsson, fisherman and member of the youth association Ungmennafélagsshreyfingin, who painted small boats on a smooth sea at the beginning of the century, travelled a long way to become the renowned and respected painter Jóhannes S. Kjarval, who put the final touch on his life's work at the end of 1968 by painting a palette with no paints. The exhibition in the Central Gallery places Kjarval's life and a few of his selected works into the context of the topical events at the time. This particular time line gives some idea of the changes that his art underwent on a road lined with changes in the art world and in history.

Kjarval's artistic career spans some 60 years of the 20th century, a time of vast revolutionary changes in all sectors. The society out of which his art grew, and was in dialogue with, developed and changed more during that period than ever before. Jóhannes Sveinsson was born as a subject of the Danish king, but lived to see Iceland being granted home rule, then autonomy, and finally full independence. The two World Wars and the Great Depression had an impact on the early part of the century and directly affected his life and art. He saw contemporary art history in the making in Iceland and was an inextricable part of it; was a student of Þórarinn B. Þorláksson and Ásgrímur Jónsson, friend to Einar Jónsson, and studied at the Royal Danish Academy in Copenhagen along with painters Muggur, Júlíana Sveinsdóttir and Kristín Jónsdóttir. He watched as old views gave way to the new and emphases changed along with new generations of artists; Late Romanticism, with its focus on landscape interpretation, was replaced by expressionism that placed individuals and urban surroundings in the foreground; he lived through the revolution created by the abstract painting and completed his life's work around the time that the experimental and revolutionary art of the SÚM-generation was coming into its own. During this extensive period, Jóhannes S. Kjarval participated enthusiastically in Iceland's cultural life, encouraging young artists and remaining loyal to his calling; to give to his native Iceland art that was equal to the best in other countries.



Litaspjald / Palette, 1968. Olía á striga / Oil on canvas. 33,5 x 43,5 cm
Listasafn Reykjavíkur - Kjarvalssafn / Reykjavik Art Museum - Kjarval Collection



Sólbað og þrældómur (Sól og sumar) / Sunbathing and Slavery (Sun and Summer), 1946.
Ólla á striga / Oil on canvas, 265 x 222 cm. Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalssafn / Reykjavík Art Museum – Kjarval Collection

KRÍTIK

Í Austurforsal hefur verið komið fyrir tveimur af stórvirkjum Kjarvals; Krítik sem hann málaði á árunum 1946–7 og Sól og sumar, eða Sólbað og þrældómur eins og verkið hét upphaflega, frá árinu 1946. Þessi verk eiga það sammerkt að vera máluð eftir lifandi fyrirmynd og var það í fyrsta skipti frá námsárunum, sem Kjarval fékkst við að mála nakinn mannlíkama á þennan hátt. Krítik er afar margþætt og flókið verk, sem hægt er að lesa á ýmsa vegu. Grunnstef þess virðist vera umfjöllun um tilvistarleg vandamál listamannsins, sem á lífsafkomu sína undir listinni, en þarf jafnframt að sæta stöðugri gagnrýni á verk sín í heimi þar sem efnið og andinn eiga í stöðugri baráttu.

CRITIQUE

Two of Kjarval's greatest works have been set up for display in the East Lobby: Critique, painted in 1946–7, and Sun and Summer – or Sunbathing and Slavery as the work was originally titled – from 1946. Both paintings were modelled on a living subject and this was the first time since the completion of his formal training that Kjarval painted a naked physique in this way. Critique is a multi-dimensional and complex work that may be interpreted in various ways. Its basic theme appears to be a treatise on the existential difficulties of the artist, who relies on art to survive but also needs to deal with constant criticism of his work in a world where spirit and matter are in perpetual conflict.

AUSTURSALUR: LÍFIÐ Í LANDINU

Hin meginstoðin í lífsverki Kjarvals eru verk sem á fjölbreytilegan hátt fjalla um birtingarmyndir lífsins og menningarinnar í sinni víðustu merkingu. Verk þessi eru oft mjög persónuleg og ræturnar liggja víða, bæði hvað varðar form og inntak. Oftar en ekki skapaði Kjarval margræðan og dulúðugan heim í þessum verkum, heim sem dregur dóm af höfundi sínum, en sagt var að engum sem kynntist Kjarval til einhverrar hlitar gæti dulist að skapgerð hans og raunar persónan öll væri svo torræð og margslungin að með ólíkindum væri.

Í Austursal Kjarvalsstaða eru sýnd verk af þessum meiddi. Sum þeirra má skilgreina sem fantasíur, en Kjarval sagði sjálfur að þær væru sambland af öllu mögulegu og ómögulegu; önnur vekja spurningar um hvar mörkin milli frásagnar af raunveruleikanum og huglægrar túlkunar liggja, hvort sem um er að ræða ímyndir landsins eða fólksins sem það byggir.



Hulduströnd / On a Hidden Shore, 1935. Olía á striga / Oil on canvas. 45 x 60 cm
Tasafn Reykjavíkur – Kjarvalssafn / Reykjavík Art Museum – Kjarval Collection

Á HULDUSTRÖND

Eldri fantasíur Kjarvals voru oft hjúpaðar dulúð og kyrrð, og margar þeirra voru málaðar með mildum, björtum litum. Hann sótti viðfangsefni sín gjarna í brunn þjóðtrúar, þjóðsagna, goðafræði eða listasögu. Verkið Flugþrá segir söguna af Ledu og svaninum, en samtímis aðra sögu af þrá mannsins eftir frelsi. Móðir með barn getur allt eins verið Madonna, álfar og huldufólk svifa um í draumkenndu landslagi eða dvelja á hulduströnd. Skip í hafi er það tákn eða leiðarstef sem birtist hvað oftast í verkum hans; það getur til dæmis verið tákn vonar og breytinga, eða tengt saman heima efnis og anda. Önnur verk virðast sprottin úr hugarheimi hans sjálfs, og spegla þá skoðun að handan hins sýnilega heims séu aðrar víddir, þar sem óræðar verur ráði ríkjum.

ON A HIDDEN SHORE

Kjarval's early fantasies were often shrouded in mysticism and quiet and many were painted in subdued yet bright colours. His subject matter was taken from folk beliefs and folklore, mythology or art history. Yearning for Flight tells the story of Leda and the swan, yet parallel to that, another story of man's longing for freedom. Mother and Child could just as well be the Madonna, while elves and hidden people drift about in a dream-like landscape, or dwell on a hidden shore. A ship on the ocean is the symbol or guiding theme that most often appears in his works; for example it can be a symbol of hope and change, or a link between the concrete world and the world of the spirit. Other works seem to grow out of the world of his imagination, reflecting the belief that beyond the visible world there are other dimensions, ruled by mystical beings.

ÚTI OG INNI. FYRIRBURÐIR Í HRAUNI

Með því að dvelja langdvölum úti í náttúrunni dýpkaði Kjarval tilfinningu sína fyrir undrum hennar, og úr þeim jarðvegi spretta verk sem vega salt á mörkum fantasíu og frásagnar. Í sumum verka hans er óljóst hvar skilin á milli hins hlutlæga og huglæga eða hins séða og skynjaða liggja. Með örfáum pensildráttum sem leiða til formrænnar tvíræðni breytir hann hlutlægrí endursögn sinni á landslagi í dulúðugan heim þar sem steinarnir hafa andlit, vættir búa í hverjum kletti og hraundrangar taka á sig myndir álfa og kynjavera. Þessi verk eru sprottin úr náttúrunni, en hann beitir einnig öðrum aðferðum. Með því að stilla hörpu, tákni sönglistarinnar, upp á bæjarkamb, ljær hann verkinu annan blæ: Erum við í álfheimum eða mannheimum? Það sama gerist þegar hann stillir mygluðum flatkökum og dúkkum upp á

Þingvöllum – eða saltfiski úti í hrauni – hann umbreytir náttúrunni og skapar súrrealíska stemmningu í verkum sem öðrum þræði fjalla um þanþol hinnar hefðbundnu uppstillingar.

OUTSIDE AND INSIDE. APPARITIONS IN THE LAVA

Through spending extended periods in nature, Kjarval deepened his feeling for its magic. Out of that grew works that tread the line between fantasy and narrative. In some of his works it is unclear where the division between the objective and subjective lies, or between that which is seen and that which is sensed. With a few pencil strokes that have the power to evoke dual interpretation, he changes his objective narrative about the landscape to a mystical world where the stones have faces, creatures live in every rock, and lava formations assume the images of elves and strange beings. These works grow out of the natural world, yet he also employs other methods. By placing a harp – the symbol of song – on a turf roof, he creates a different atmosphere: are we in the world of the elves or the world of humans? The same happens when he creates an arrangement of dolls and mouldy flatbread at Þingvellir, or places salted fish out in the lava: he transforms nature and creates a surreal atmosphere in works that, in part, question the elasticity of the traditional arrangement.



Myglaðar flatkökur / Mouldy Flatbread, 1940.
Olía á striga / Oil on canvas. 92 x 103 cm. í einkaeign / Private Collection

EAST WING: LIFE ON THE LAND

The other central point of Kjarval's career are works that in diverse ways deal with life and culture and their manifestations, in a broad context. These are often very personal and extend over a wide distance, in both form and content. In those works, Kjarval usually created a complex and mystical world, one that reflects its creator, for reportedly it was plain to anyone who got to know Kjarval well that his character, and indeed his entire person, was exceptionally multifaceted and complex. The exhibition in the East Wing focuses on works of this nature. Some of these may be termed fantasies, yet Kjarval himself said that they were a combination of all things possible and impossible. Others raise questions about the line between stories of real things and subjective interpretation, in images of the land and the people who build it.



Ævintýri um ævintýri. Skjaldmey / Valkyrie, 1961. Ólífa á striga / Oil on canvas. 102 x 152 cm
Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalssafn / Reykjavik Art Museum – Kjarval

ÆVINTÝRI UM ÆVINTÝRI

Á fimmta áratugnum taka fantasíuverk Kjarvals nýja stefnu, en þá tók hann að persónugera ýmis náttúrufrýrbrigði og skapar ævintýralegan og oft óreiðukenndan heim sem ólgar af lífi og leik. Í þessum verkum – sem í aðra röndina má kalla oliuteikningar – notar hann kvíkt línuspil til að virkja myndflötinn og tengja alla þætti hans. Kjarval fléttar saman prófíla og ýmiss konar verur og dýr í fjölpætta heild þar sem mörkin á milli hinna ýmsu þátta verksins sem og á milli flatar og rýmis eru óræð. Margbrotnar hugmyndir endurspeglast í sagnaheimi hans; loftandar sveima um, skjaldmey svifur fyrir framan fjallið Skjaldbreið eða Gusa skvettist upp úr hafinu.

A FAIRY TALE TALE

Kjarval's fantasies take on a new direction in the 1940s, when he begins to lend human form to various natural phenomena and creates a fairy tale-like world that is often chaotic but also pulses with life and playfulness. In these works – which may be called oil drawings – he uses a darting interplay of lines to activate the surface and to link all its aspects. Kjarval weaves profiles as well as various creatures and animals into an intricate whole where the line between the parts of the work, and between surface and space, becomes indistinct. His narrative world reflects complex ideas; spirits of the air drift about, a shieldmaiden glides in front of Mt. Skjaldbreiður, or something gushes forth from the sea.

HVER ER MAÐURINN?

Gerð mannmynda var alla tíð stór þáttur í lífsverki Kjarvals, og eftir hann liggur fjöldi portretteikninga, auk þess sem hann málaði talsvert af portrettmyndum í olíu. Portrett af bankastjórum Landsbankans frá 1923 sýna hvers hann var megnugur við gerð hefðbundinna portrettmynda. Þegar á leið urðu portrettmyndir hans hins vegar óhefðbundnari og tjáningarríkari. Síst af öllu vakti fyrir honum að fegra fyrirmyndir sínar; hann leitaðist fremur við að stílfæra og ýkja megineinkenni þeirra og setja þær í óvænt samhengi. Þegar mannmyndir Kjarvals eru skoðaðar er því ekki alltaf ljóst hvort um er að ræða portrett, karikatúr eða fantasíumynd, – eða blöndu allra þessara þátta.

WHO IS THAT MAN?

Portraits were a major aspect of Kjarval's career. Numerous portrait drawings and oil portraits by him exist. Portraits from 1923 of the directors of the National Bank reveal his talent for the traditional portrait. As time passed, his portraits became increasingly unconventional and rich in expression. He did not want to beautify his subjects; instead he made an effort to stylise and exaggerate their main characteristics and place them in an unexpected context. In viewing Kjarval's portraits it is not always clear whether they are portraits, caricatures or fantasies – or a combination of all three.



Hver er maðurinn? Við sjóinn frammi (Sigurður í Görðum) / Down by the Sea (Sigurður from Garðar), 1959. Ólífa á striga / Oil on canvas. 130 x 90 cm.
Listasafn Íslands / National Gallery of Iceland



Móðurást / Maternal Love, 1945-50. Vatnalitir á pappir / Watercolour on paper
63 x 47 cm. Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsafn / Reykjavik Art Museum – Kjarval Collection

TEIKNINGAR

Norðursalur er helgaður teikningum Kjarvals. Þær eru ómetanlegur fjársjóður og þar leyndast margir lykjar til skilnings á ævistarfi hans. Hann lagði alla tíð mikla áherslu á þennan þátt listsköpunar sinnar og varðveittar teikningar hans, skissur og riss skipta þúsundum. Teikningar Kjarvals eru afar fjölbreyttar hvað varðar tækni, efnisnotkun og myndefni; sumar þeirra eru fullgerð, sjálfstæð verk, aðrar lauslegt riss eða hugmyndavinna. Þegar svo bar undir rissaði hann hugmyndir sínar á þann pappír sem hendi var næstur, hvort heldur voru sendibréf, umslög, sigarettuöskjur, servéttur eða víxileyðublöð. Auk þess notaði hann vandaðan teiknipappír af ýmsum gerðum, eða þá óhefðbundnara undirlag svo sem maskínupappír eða plastdúk. Teikningarnar eru ýmist útfærðar með kolum, ýmsum tegundum af krítarlitum, blýanti, bleki, olíulitum eða vatnslitum; oft má finna mismunandi litagerðir í sömu myndinni.

Teikningar Kjarvals koma víða við. Þegar hann vann úti við gerði hann fjöldann allan af skissum sem voru beinn eða óbeinn undirbúningur fyrir landslagsmálverk hans. Hann teiknaði og rissaði upp andlitsmyndir af því fólki sem á vegi hans varð, en margar teikninga hans eru fantasíur og endurspeglar ævintýrlegt ímyndunarafli listamannsins og frjóan huga í frjálsri og óheftri tjáningu. Ótalin eru þá myndskreytt fuglabréf og kort til vina og vandamanna, auk annarra viðfangsefna.

Þessar teikningar voru valdar með það að leiðarljósi að gefa breiða innsýn í þennan mikilvæga þátt ævistarfs Kjarvals.

DRAWINGS





The North Hall exhibition is devoted to Kjarval's drawings. These are an invaluable treasure and contain many keys to understanding his life's work. Throughout his life he greatly emphasised this part of his art, and the drawings, sketches and scribbles that have been preserved number in the thousands.

Kjarval's drawings are highly varied in terms of technique, materials and subjects; some of them are fully independent works of art, others are relaxed sketches or ideas. When inspiration struck he would scribble his ideas on whatever paper was close at hand, whether letters, envelopes, cigarette packages or bills of exchange. He would also use high quality drawing paper of different sorts, or more alternative surfaces such as machine paper or plastic cloths. The drawings are variously done in coal, different kinds of chalk, pencil, ink, oil or watercolours. Different types of paint may often be found in the same work.

Kjarval's drawings touch on a variety of subjects. When he worked outside he did a vast number of sketches that were direct or indirect preparations for his landscapes. He drew and scribbled facial portraits of people he met, and many of his drawings are fantasies that reflect his adventurous imagination and creativity in free and uninhibited expression. To this may be added his bird-decorated letters and cards to friends and relatives, as well as other projects.

The drawings were selected with the aim of providing broad insight into this important aspect of Kjarval's career.

AR FLAGS



Fánatillögur Kjarvals, 1914, vatnslitir og blek á pappír, Þjóðminjasafn Íslands / Kjarval's proposal for the design of an Icelandic flag. Watercolor on paper. National Museum of Iceland

AR GERÐIR EFTIR TILLÖGUM KJARVALS FRÁ ÁRINU 1914

Stjórangum framan við Kjarvalsstaði er flaggað með fána, sem gerður er eftir Kjarvals frá 1914, en þá tók hann þátt í samkeppni um gerð íslenska þjóðfánans og sendi inn 6 tillögur. Tillögur hans hlutu ekki brautargengi dómnefndar, sem ákvað að fána hans sem „marglitna og margbrottina fána sem í eðli sínu er krossfáni“.

Samkvæmt Kjarvals að þjóðfána Íslendinga eru tvö náttúrutengd grunnstef: Eldfjall, sem er mynduð með rauðum þríhyrningi, og himinblámi, táknaður með bláum þríhyrningi. Þessum grunnform tengir hann ýmist saman með krossi og/eða ör og sverðsblaði.

Árið 1914 var fánamálið hugleikið. Hann skrifaði um það í Lögréttu 11. mars 1914 og ákvað að sækja leiðina til að finna íslenskan þjóðfána að „í stað þess að breyta þjóðfánum og aflaga þá eigum við að leita að honum í okkar þjóðarsál og finna hann þar“.

FLAGS ACCORDING TO KJARVAL'S PROPOSALS IN 1914

The flagpoles in front of The Reykjavik Art Museum – Kjarvalsstaðir fly a flag made according to Kjarval's proposal in 1914. At that time he took part in a competition for the design of the Icelandic national flag, sending in six proposals. These did not meet the approval of the judges, who deemed his flag a "multi-coloured and multi-faceted flag, that is by nature a cross flag".

Kjarval's proposals for the Icelandic national flag have two basic themes based in nature: a volcano, represented by a red triangle, and the blue of the sky, represented by a blue triangle. He links together these basic forms either with a cross and/or an arrow and sword blade.

The issue of the flag preoccupied Kjarval. He wrote in the magazine Lögrétta on 11 March 1914: "instead of changing other nations' flags and distorting them we should search for it in our own national psyche. Surely we can find it there."

LAGDAG 16. OKTÓBER KL. 15 / SUNDAY OCTOBER 16TH AT 3 PM
Arstjóraspjall – Eiríkur Þorláksson listfræðingur annast leiðsögn um sýninguna.
Gallery Talk – Art historian Eiríkur Þorláksson leads a tour of the exhibition.

LAGDAG 6. NÓVEMBER KL. 15 / SUNDAY NOVEMBER 6TH AT 3 PM
Spjall – Gylfi Gíslason myndlistarmaður tekur þátt í leiðsögn þar sem sjónum verður gefna beint að teikningum Kjarvals / Guided Tour – Artist Gylfi Gíslason leads a tour of the exhibition where special attention will be given to Kjarval's drawings.

LAGDAG 21. JANÚAR 11-14 / SATURDAY JANUARY 21ST 11 AM-14 PM
Spjall fyrir nýja kynslóð. Málþing um stöðu Kjarvals í myndlistarsögu Íslands.
Symposium for a New Generation. Symposium on Kjarval's role in Icelandic art history.


LAGDAG 12. FEBRÚAR 2006 KL. 15 / SUNDAY FEBRUARY 12TH 2006 AT 3 PM
Arstjóraspjall – Kristín G. Guðnadóttir listfræðingur annast leiðsögn um sýninguna.
Gallery Talk – Art historian Kristín G. Guðnadóttir leads a tour of the exhibition.

LEIÐSÖGN ALLA SUNNUDAGA KL. 15
Upplýsingar um valin verk með GSM-símaleiðsögn í síma 5344050
Er listin þraut? – Í afgreiðslunni er hægt að fá lánaðar töskur með þrautum og leikjum fyrir börn.
Hægt er að panta leiðsögn fyrir hópa.
Upplýsingar og bókanir: 590 1200 eða fraedsludeild@reykjavik.is

Information about selected works through GSM-audio guide, dial 5344050
Is art a riddle? - Children's suitcases with useful tools are available at the reception.
Guided tours are available upon request.
Information: 590 1200 or fraedsludeild@reykjavik.is

Opnunartími á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsi alla daga 10-17.
Opnunartími í Ásmundarsafni 13-16
Aðgöngumiðinn gildir samdægurs í öll húsin.

Kjarvalsstaðir and Hafnarhusid are open every day from 10 am - 5 pm.
Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum - Ásmundarsafn is open 1 pm - 4 pm.
The entrance ticket is valid the same day for all three museums.



ens